Birgi – samantekt umsagna og viðbragða

Umsagnaraðili	Samantekt umsagnar	Viðbrögð
Minjastofnun	Tryggja 15 m friðhelgunarsvæði fornleifa og að byggingarreitur og göngustígur skerði ekki verndarsvæðið.	Byggingarreitur var færður út fyrir 15 m friðhelgunarsvæði fornleifanna og göngustígurinn færður til samræmis. Uppfærður deiliskipulagsuppdráttur sýnir þannig að fyrirhuguð uppbygging og stígakerfi virða friðhelgunarsvæði minjanna.
Vegagerðin	Sýna veghelgunarsvæði og skýrar fjarlægðir við Hringveg.	Á uppfærðan deiliskipulagsuppdrátt var bætt 30 m veghelgunarsvæði frá miðlínu Hringvegar. Jafnframt var sett inn merking sem sýnir 400 m fjarlægð frá gatnamótum við skipulagssvæðið.
Heilbrigðiseftirlit	Skýra staðsetningu vatnsbóls og tryggja fullnægjandi vatnsvernd.	Á uppfærðan deiliskipulagsuppdrátt var merkt inn svæði sem talið er hentugt fyrir vatnsból, þar sem það er fjarri umferð og annarri mögulegri mengunarhættu. Í greinargerð var jafnframt skýrt að endanleg staðsetning vatnsbóls ráðist af niðurstöðum og afköstum borholna og að fylgja skuli settum skilmálum um vatnsvernd. Þá voru kröfur til fráveitu og hreinsunar skólps skýrðar nánar, þar á meðal að skólp frá hóteli og starfsmannaaðstöðu verði hreinsað í staðbundnu hreinsikerfi áður en því er veitt í jarðveg og að hvorki skólp né ofanvatn verði leitt beint í yfirborðsvatn.
Náttúruverndarstofnun / Náttúrufræðistofnun	Skýra betur vistgerðir, votlendi og náttúrufar á framkvæmdarsvæðinu. Fjalla nánar um fuglalíf og möguleg áhrif framkvæmda, sérstaklega á varptíma. Gera grein fyrir vernd og mögulegri endurheimt votlendis.	Fundur var haldinn með Náttúruverndarstofnun til að fara yfir athugasemdir um vistgerðir, votlendi og fuglalíf. Í kjölfarið var unnið sérstakt svarbréf þar sem ástand landsins og áform framkvæmdaraðila voru skýrð nánar. Þar kemur m.a. fram að um 6,04ha innan lóðarinnar séu framræst land og að uppbygging verði fyrst og fremst á framræstu eða áður röskuðu landi, bergi og svæðum með grunnri jarðvegsþekju. Sett var fram skýringarmynd af framræstu landi og mögulegum endurheimtarsvæðum og greinargerð deiliskipulagsins uppfærð til samræmis.
Fiskistofa	Gera grein fyrir leyfisskyldu ef framkvæmdir eru innan 100 m frá veiðivatni.	Haft hefur verið samband við Fiskistofu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og mögulegrar leyfisskyldu þeirra. Beðið er eftir svari frá stofnuninni um hvaða leyfisferli eigi við og hvernig staðið skuli að umsókn um leyfi.
Íbúaráð Suðursveitar og Mýra	Rökstyðja þörf fyrir aukið gistirými og fjalla um áhrif á þjónustu, atvinnulíf og núverandi ferðaþjónustufyrirtæki.	Unnið var sérstakt svar við umsögn Íbúaráðs Suðursveitar og Mýra þar sem þörf og markmið uppbyggingarinnar voru rökstudd nánar. Þar var meðal annars gerð grein fyrir reynslu framkvæmdaraðila af mikilli nýtingu gistirýma á háannatíma, áherslu hótelsins á stærri fjölskyldur og hópa, heilsársrekstri og auknu þjónustuframboði. Einnig var fjallað um möguleg jákvæð áhrif á atvinnulíf og lengri dvöl ferðamanna, samræmi við stefnu aðalskipulags og vandaða búsetuaðstöðu fyrir starfsfólk.
Aðalbjörg Bjarnadóttir	Gerðar eru athugasemdir við þörf og umfang fyrirhugaðrar hóteluppbyggingar og bent á möguleg áhrif hennar á núverandi ferðaþjónustu, atvinnulíf og þjónustu í Suðursveit. Einnig er kallað eftir skýrari rökstuðningi fyrir því hvernig uppbyggingin muni styrkja samfélagið og byggðina á svæðinu.	Vísað er til svars við umsögn Íbúaráðs Suðursveitar og Mýra, þar sem fjallað er nánar um þörf fyrir uppbygginguna, gistiframboð, þjónustu, atvinnuáhrif og tengsl verkefnisins við samfélag og byggðaþróun í Suðursveit.
Veðurstofa Íslands	Engin athugasemd	